

Háskóli Íslands  
Viðskipta- og hagfræðideild  
Viðskiptaskor

*- Óefnislegar eignir, verðbréf  
og  
tjónaskuldir tryggingafélaga*

*- reikningsskil -*

*Immatriella tillgångar,  
skuldbrev  
och  
reservfond för försäkringsbolag  
- redovisningsfrågor -*

**Isländsk ekonomisk nationalrapport  
till Nordiska Skattevetenskapliga  
Forskningsrådets höstseminarium 2005**

Ek.lic. Einar Guðbjartsson

Viðskipta- og hagfræðideild

Viðskiptaskor

Telep +354-5254326

Email eg@hi.is

<i>I.</i>	<i>Inngangur</i> .....	3
<i>II.</i>	<i>Hlutverk hlutabréfamarkaðar</i> .....	3
<i>III.</i>	<i>Reikningskil, skattskil og hagnaður</i> .....	8
<i>IV.</i>	<i>Umhverfi óefnislegra eigna</i> .....	11
<i>V.</i>	<i>Þróun óefnislegra eigna, veiðiheimildir, 1995-2001</i> .....	15
<i>VI.</i>	<i>Tjónaskuld íslenskra tryggingarfélaga, 1996 til 2003.</i> .....	19
<i>VII.</i>	<i>Verðbréf</i> .....	23

## **I. Inngangur**

Lög nr. 144 frá 1994 um ársreikninga voru lögleidd var hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi ennþá á byrjunarreit. Þessi lög byggja á tilskipun frá EB. Lagalegt umhverfi hefur fylgt þróun hlutabréfamarkaðarins að einhverju leiti eftir og viðskiptaumhverfið hefur einnig breyst hratt. Í staðinn fyrir að notfæra sér þekkingu og reynslu annara þá hefur íslenski hlutabréfamarkaðurinn smíðað sínar eigin reglur. Hlutabréfamarkaður er ekki ósvipaður venjulegu fyrirtæki hvað varðar uppbyggingu og þróun þess. Starfsemin byrjar á einum stað og ef allt gengur vel þá vex starfsemi þess, t.d. í samstarf við erlendar kauphallir. Gæði og verð þeirrar vöru sem framleidd er, er lykillinn að flestum mörkuðum heims. Það er því forsenda þess að hlutabréfamarkaður geti starfað að hann geti boðið góða þjónustu á réttu verði. Góð þjónusta þarf bæði að uppfylla kröfur fjárfesta og fyrirtækja. Hjá fjárfestum er þessi góða þjónusta falin í trúnaði og trausti og einnig að eftirlitskerfið sé skilvirkt, þannig að "rétt" gengi sé ávallt til staðar á hverjum tíma. Lagalegt umhverfi reikningsskila hefur ekki þróast að sama skapi og hlutabréfamarkaðurinn og gagna því ekki fjárfestum eins og ætlast er til. Hlutabréfamarkaður getur ekki starfað án fyrirtækja og fjárfestar geta ekki verið án reikningsskila fyrirtækjanna. Hagurinn af hlutabréfamarkaði er mikill þar sem hann er orðinn einn af hornsteinum efnahagskerfisins.

## **II. Hlutverk hlutabréfamarkaðar**

Hagur af því að hlutabréfamarkaði er margvíslegur, hvað varðar efnahagskerfið í heild, þátttakendur á markaðinum og einstaklinga. Meira almennt hlutverk sem hlutabréfamarkaðurinn uppfyllir er fyrir samfélagið í heild en fyrir einstaklinginn.

### **Samfélagið**

Hlutabréfamarkaðurinn er í samkeppni við aðra fjárfestinga möguleika, samkeppni er samfélaginu til góða. Fjárfestar geta fjárfest þar sem ávöxtunin er best hverju sinni miðað við áhættu og ráðið því hversu mikil áhætta verður tekin. Þessi valmöguleiki leiðir til þess að áhugi fyrir sparnaði eykst í landinu. Sparnaður er ein af undirstöðun stöðugs hagkerfis. Hhugtakið "hlutabréfamarkaður" nýtur ákveðins velvilja (e. goodwill) sem

Íslenski markaðurinn nýtur góðs af. Þess vegna er mjög mikilvægt að aðlaga hlutabréfamarkaðinn og þær reglur sem að honum lúta að hliðstæðum mörkuðum í Evrópu og Bandaríkjunum. Þessi aðlögun er í höndum löggjafans og þingaðila á hlutabréfamarkaðinum.

*Í fyrsta lagi* er það viðurkenning að frjáls fjármagnsmarkaður er til staðar, sem kemur samfélaginu til góða. Virkur og skipulagður hlutabréfamarkaður getur ekki starfað án þess að frjáls eignarréttur einstaklingsins (e. private property) sé virtur. Einstaklingurinn hefur yfirráð yfir eignum sínum og ráðstöfunarrétti. Trúnaður þátttakandana er mjög mikilvægur þar sem kaupendur og seljendur á hlutabréfamarkaði eiga viðskipti án þess að mætast, í flestum tilvikanna.

*Í öðru lagi* skapar hlutabréfamarkaðurinn valmöguleika í sparnaði. Þessi valmöguleiki skapar samkeppni um sparifé almennings sem ætti að leiða af sér hærri ávöxtun, miðað við áhættu. Samkeppni á fjármagnsmarkaði er jafn nauðsynleg og samkeppni á öðrum mörkuðum.

*Í þriðja lagi* geta athafnafólk og fyrirtæki sótt áhættufjármagn, með lágsta mögulega samskiptakostnaði, t.d. vegna endurfjármögnunar, markaðssókna eða annara tegundar fjárfestingar. Atvinnutækifæri hefðu kannski farið forgörðum ef hlutabréfamarkaðarins hefði ekki notist við og atvinnuleysi væri því meira en ella. Kostnaðurinn vegna glataðra fjárfestingatækifæra, hagvöxtur og hagnaður sem nýttust aldrei, er alltaf erfitt að reikna og fastsetja við ákveðna krónutölu.

*Í fjórða lagi* myndast ný störf í landinu og sérþekking hvað varðar fjármagnsmarkað. Sérþekking er af hinu góða þar sem einstaklingurinn getur þá notfært þekkingu sína þar sem hún á best við. Stjórnendur fyrirtækjanna geta einbeint sér að rekstri þess í stað þess að allur kraftur fari í að útvega fjármagn til rekstursins.

*Í fimmta lagi* skapar hlutabréfamarkaðurinn aðhalds- og eftirlitskerfi hvað varðar rekstur, stjórnun og meðferð þess fjármagns sem bundið er í fyrirtækjum sem skrásett eru á hlutabréfamarkaðinum. Hlutabréfamarkaðurinn er ekkert frábrugðinn öðrum mörkuðum að því leyti að það er framboð og eftirspurn sem ræður ríkjum. Viðskiptavinir hlutabréfamarkaðarins sem og annarra markaða hafna þeim vörum sem ekki uppfylla væntingar um gæði og verð. Hér er borið saman arðsemi hlutabréfanna miðað við það

áhættu stig sem rekstur fyrirtækisins hefur. Einnig er virkt upplýsingastreymi frá fyrirtækinu ákveðinn "gæðastimpill" þar sem "engar upplýsingar frá fyrirtækjum" auka á óvissu um fjárfestinguna og um leið aukinn kostnað fyrir fyrirtækið.

*Í sjötta lagi* þá auðveldar hlutabréfamarkaðurinn alla fjárfestingu í atvinnulífinu og opnar dyrnar fyrir erlenda fjárfestingu. Fjármagnsmarkaðurinn er bæði staðbundinn og alþjóðlegur í senn. Stórar og dýrar framkvæmdir geta verið staðbundnu atvinnulífi ofviða, þar sem fjármagn er ekki til staðar. Erlendir fjárfestar geta því bætt þar úr, þannig að atvinnutækifæri glattist ekki. Einnig getur erlend fjárfesting minnkað samskiptakostnað viðkomandi fyrirtækja vegna nýrra markaða erlendis.

*Í sjöunda lagi* njóta allir landsmenn þess hagræðis sem hlutabréfamarkaður skapar, annaðhvort "beint" eða "óbeint". Hagurinn sem samfélagið nýtur af hlutabréfamarkaðinum kemur fram í mismunandi mynd og á mismunandi tíma.

### **Einstaklingurinn**

Fyrir fjárfestinn sem vill ávaxta sparifé til skammri eða lengri tíma eru eftirfarandi atriði mikilvæg fyrir notagildi hans af hlutabréfamarkaðinum.

*Í fyrsta lagi* hefur fjárfestinn valmöguleika á hærri ávöxtun, miðað við áhættu t.d. spariskírteini ríkissjóð, skuldabréf, hlutabréf. Frelsi í að velja sparnaðarform og áhættustig.

*Í öðru lagi* getur fjárfestinn dreift fjárfestingunni á mörg hlutafélög, beint eða óbeint, t.d. með hjálp hlutabréfasjóða. Með þessu móti getur fjárfestinn fengið það áhættustig sem hentar best og um leið fengið hærri arðsemi en áhættulaus fjárfesting.

*Í þriðja lagi* er hægt er að selja fjárfestinguna hvenær sem er. Hlutabréfafjárfestingin er ígildi reiðufés ef hlutabréfamarkaður er virkur.

*Í fjórða lagi* nýtur fjárfestinn góðs af þeirri samkeppni sem hlutabréfamarkaður veitir hefðbundinni fjárfestingu, þannig að arðsemi á að endurspegla þá fjárfestingaráhættu sem fjárfestinn tekur hverju sinni. Samskiptakostnaður verður lægri en ella. Fjárfestingin leitar þangað þar sem arðsemi er best á hverjum tíma.

Fyrir athafnafólk og fyrirtæki eru sem þurfa á áhættufjármagni að halds er vert að hafa eftirfarandi atriði í hug.

*Í fyrsta lagi* er það fyrir tilstuðlan hlutabréfamarkaðar að þessi hópur hefur betri aðgang að áhættufjármagni. Eitt af hlutverki hlutabréfamarkaðar er að samskiptakostnaður verði

sem lögstur á hverjum tíma. Það er ekki þar með sagt að þetta áhættufjármagn fáiist alltaf, þ.e.a.s. að allt hlutfé seljist í hlutabréfaútboði.

*Í öðru lagi* hafa athafnafólk valmöguleika á að velja á milli að fjármagna nýjar fjárfestingar með nýju hlutabréfaútboði, fjármagn frá almenningi eða stofnanafjárfestum eða í gegnum bankakerfið (lán eða kaupleigusamningar). Fyrirtæki verði því sjálfstæðara gagnvart bankakerfinu.

*Í þriðja lagi* sjá fyrirtækin sér hag í því að starfsmenn eignist hlut í fyrirtækinu og þannig njóti þess hagnaðar sem fyrirtækið gefur af sér. Sérstaklega á þetta við fyrirtæki þar sem sérþekking er undirstaða rekstur þess.

*Í fjórða lagi* geta fyrirtæki stýrt betur hlutfallinu á milli skulda og hlutfjár (eigin fjár), (e. gearing eða capital structure). Eðli lánsfjár og hlutfjár er svo mismunandi hvað varðar endurgreiðslu þess. Af lánsfé verður að greiða vexti og afborganir. Af hlutfé er greiddur arður er stjórn fyrirtækisins ákveður svo.

### **Samspil hlutabréfamarkaðar og reikningsskila.**

Hlutverk hlutabréfamarkaðar er að hafa milligöngu um áhættufjármagn, t.d. hlutfjárútboði. Áhættufjármagnið nota fyrirtækin síðan á mismunandi hátt, t.d. endurfjármögnun, markaðssókn, endurnýjun framleiðslutækja o.s.frv. Reikningsskil í formi ársreikningar er hluti af hlutabréfamarkaðinum hvað varðar að gera skil á þeim fjármunum og því fjármagni sem bundið er í rekstri félagsins (e. accountability). Öll þau viðskipti og samskipti sem fyrirtæki á hlutabréfamarkaðinum eru aðilar að, eru metin í peningalegri stærð. Sú eining sem markaðurinn notar á hverjum tími, til að mæla auðæfi, verðmæti eða hagnað, er samspil notenda (oft með aðstoð SRO stofnana) og umhverfi fjármálamarkaðarins.

Það mjög sjaldgæft að hlutfé fyrirtækisins eða eigið fé þess sé sama upphæð og markaðsvirði hlutabréfanna (e. value of the equity). Þessi mismunur sem kemur fram á milli reikningsskila og hlutabréfamarkaðar er vegna þess að þessi tvö kerfi hafa svo mismunandi forsendur hvað varðar annarsvegar grundvöll til verðmætamats og hinsvegar upplýsingagildi í tíma. Reikningsskilin byggja á staðreyndum (e. ex post information) en hlutabréfamarkaðurinn byggir á vænanlegum atriðum (e. ex ante information) t.d. framtíðar fjárfreymi. Þetta, meðal annars, leiðir til þess að bókfært eigið fé fyrirtækisins og það markaðsverð sem fjárfestar eru reiðubúnir er ekki sama fjárhæðin. Með þetta, meðal annars, að leiðarljósi er mjög mikilvægt að vita hvernig reikningsskilin eru gerð, þ.e. hvaða reikningsskilaaðferðir eru notaðar, og að virkar eftirlitsstofnanir séu til staðar.

Reikningsskil geta verið án hlutabréfamarkaðar, á milli einstaklinga eða stofnana, en hlutabréfamarkaður getur ekki verið án reikningsskila. Það er þess vegna sem alþjóðasamfélagið er að efla eftirlitið með gerð reikningsskila. Reikningsskil eru mikilvægustu “samskiptatæki” hluthafa og stjórnenda.

### **Hugvísindi**

Grunnreglan í reikningsskilum er að “fyrirtækið haldi áfram rekstri sínum um ókomna tíð” (e. going concern) eða “að ekkert í náinni framtíð geti hindrað starfsemi fyrirtækisins eins og staðan er í dag”. Þetta hugtak "going concern" er forsendan fyrir reikningsskilum. Hugtakið hefur ekkert að gera með skattskyldu eða skattstofn.

Reikningsskilaaðferðir hafa tekið miklum breytingum síðastliðin tuttugu ár. Stærsta breytingin má segja er sú samræming innan Evrópusambandsins hvað varðar reikningsskilastaðala (IAS / IFRS ) við ársuppgjör samstæðureikningsskila. Fræðilega séð á samræmingin meðal annars að hafa í för með sér að fjárfestar geti betur notfært sér ársreikning viðkomandi fyrirtækis til fjárfestingarákvörðunar án tillits til þess í hvaða landi fjárfestinn hefur búsetu. Á síðari tímum hefur enska hugtakið “a true and fair view” komið að meiri þunga í alþjóðleg reikningsskil.

Reikningsskil eru hluti af félags- og hugvísindasviði (e. social science). Hér má nefna að hagnaður ársins er afleiðing að öðrum þátt t.d. hvaða afskriftahlutfall er notað á vélar, hvort rannsóknar- og þróunarútgjöld eru kostnaðsfærð eða eignfærð að fullu eða hluta o.s.frv. Hagnaður byggist á mati margra aðila og hópa og þar er endurskoðandans að staðfesta að þessar matsaðferðir sem notaðar hafa verið eru í samræmi við tilskipun Evrópubandalagsins..

### III. Reikningsskil, skattskil og hagnaður

Traust og virðing fyrir þeim leikreglum sem reikningsskilum fylgja er ein af forsendum þess að hlutabréfamarkaður geti haldið áfram að vaxa. Nafnið Enron er orðið einskonar ímynd fyrir skapandi reikningsskil (e. Creative accounting). Þó að Enron hafi verið einna mest í fréttum vegna reikningsskilasvika þá voru mörg önnur fyrirtæki sem höfðu einnig “lagað” reikningsskil sín. En hvað eru skapandi reikningsskil og hver eru frávikin miðað við “eðlileg reikningsskil”? Yfirleitt hafa öll skapandi reikningsskil það einkenni að sýna meiri hagnað en efni standa til.

Í reikningsskilum er alltaf ákveðinn sveigjaleiki innan reikningsskilanna (e. Flexibility within Accounting) á þetta við t.d. hvort afskrifa eigi fastafjármuni um 5% eða 7% á ári eða hvert er hlutfall niðurfærslu viðskiptakrafna. Þessi sveigjaleiki er eðlilegur og verður alltaf að vera til staðar. En það er ekki þar með sagt að hægt sé að velja afskriftarprósenta handahófskennt.

Í reikningsskilastaðli *IAS 1 Framsetning reikningsskila* kemur greinilega fram hver er markmiðið með IAS 1, þar kemur fram að markmið þess er

*”Markmið þessa staðals er að mæla fyrir um hvernig skuli haga framsetningu almennra reikningsskila til þess að tryggja að þau séu samanburðarhæf bæði við reikningsskil sama fyrirtækis frá fyrri tímabilum og við reikningsskil annarra fyrirtækja. Til að ná þessu markmiði eru sett fram í staðlinum almenn ihugunarefni um framsetningu reikningsskila, leiðbeiningar um uppbyggingu þeirra og lágmarkskröfur um innihald þeirra. Færsla, mæling og upplýsingar um tiltekin viðskipti og atburði eru viðfangsefni annarra alþjóðlegra reikningsskilastaðla”.*

Tilgangur reikningsskilanna, sjá 5. grein, sér hlutina frá öðru sjónarhorni en markmiðið, þ.e. að geta lagt mat á fjárhagslegan árangur stjórnenda.

*“5. Reikningsskil eru kerfisbundin fjárhagsleg framsetning á fjárhagsstöðu og þeim viðskiptum sem fyrirtæki stofnar til. Markmiðið með almennum reikningsskilum er að veita upplýsingar um efnahag, rekstrarárangur og sjóðstreymi fyrirtækis sem koma mörgum mismunandi notendum að gagni við hagræna ákvarðanatöku. Reikningsskil sýna einnig frammistöðu stjórnenda við að stjórna þeim auðlindum sem þeim hefur verið treyst fyrir. Til þess að uppfylla þetta markmið veita reikningsskil eftirfarandi upplýsingar um fyrirtækið:*

- a) eignir,*
- b) skuldir,*
- c) eigið fé,*
- d) tekjur og gjöld, þ.m.t. hagnað og tap og*
- e) sjóðstreymi.*

*Þessar upplýsingar, ásamt öðrum upplýsingum sem birtast í skýringum reikningsskilanna, aðstoða notendur við að spá fyrir um framtíðarsjóðstreymi fyrirtækisins, einkum tímasetningu og vissu fyrir því að fyrirtækið muni afla handbærs fjár eða ígildis þess.”*

Þegar umhverfi reikningsskila er þannig að fylgja eigi í einu og öllu lögum og reglugerðum (t.d. skattalögum og reglugerðum þeim tengdum) og ekkert svigrúm til að meta efnahagslegar aðstæður, verður til skattalegur hagnaður. Reikningsskil fyrirtækjanna byggjast ekki á efnahagslegum forsendum heldur á skattalagalum forsendum. Dæmi um þessa framsetningu á við þegar skattalög kveða á um að vélar og tæki skulu vera afskrifuð um 15% á ári í reikningsskilum þrátt fyrir það að engin efnahagsleg forsenda sé fyrir 15% afskrift. Enginn mismunur á skattalegri afkomu og efnahagslegri afkomu fyrirtækis. Megin hugtakareglur reikningsskila halda ekki, t.d. jöfnunarreglan.

Forsendan að sýna glögga mynd af efnahagslegri stöðu og efnahagslegri rekstrarafkomu fyrirtækisins (a true and fair view) er mat á efnahagslegum stærðum, t.d. tekjum og eignum. Þar af leiðandi er ekki hægt að fylgja lögum. Í reikningsskilunum er notuð önnur afskriftarprósenta en sú er skattalögin heimila vegna þess að hún endurspeglar betur efnahagslega rýrnun tækjanna og þann efnahagslega kostnað sem fyrirtækin verða fyrir vegna notkunar á vélum og tækjum. Viss mismunur verður í efnahagslegri afkomu fyrirtækisins og í skattalegri afkomu þess. Vegna mismunarins myndast m.a. tekjuskattskuldbinding í efnahagsreikningi. Megin markmiðið er að sýna glögga mynd (a true and fair view) af efnahagslegri stöðu fyrirtækisins við ákveðinn tímapunkt (oftast 31. desember) og efnahagslegri afkomu þess á ákveðnu rekstartímabili (oftast 1. janúar til 31. desember).

Í hugtakaheimi reikningsskilanna er hugtakið “a true and fair view” eitt af grundvallarhugtökunum. Þetta hugtak hefur verið þýtt sem “glögg mynd”. Bein þýðing er “sann og sanngjörn mynd”. Mjög mikilvægt er að til þess að vita að ekki er nægjanlegt að myndin sé sönn, hún verður einnig að vera sanngjörn, því sönn mynd, þ.e.a.s. sannar tölur í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi geta verið villandi eða villt um fyrir notendum reikningsskilanna, þ.e. gefið ranga mynd af rekstrarstöðu og/eða fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Reikningsskil verða að vera sönn og sanngjörn með tilliti til séreinkenna reikningsskila (e. the qualitative characteristics of financial information) þegar

reikningsskil eru birt. Hvað varðar reikningsskilasvik þá hafa þau á þversögn að oftar en ekki leiða slík svik til að viðkomandi fyrirtæki greiðir meiri skatt en hefðu fyrirtækin staðið heiðarlega að málunum. Svikin er frekar í þá áttina að hagnaður er sýndur meiri en hann er í rauninni. Þannig er það fjármagn sem greitt er til skattýfirvalda frá fyrirtækinu er í raun eign hluthafanna en sem er þá ráðstafað eftir ólöglegum leiðum.

### Hagnaður samkvæmt ársreikning og skattskýrslu

Hagnaður samkvæmt ársreikningi er ekki sá sami og skattskýrslu og hann á ekki að vera sá sami þar sem grundvöllur reikningsskila er ekki sá sami og grundvöllur skattskila að öllu leiti. Samt sem áður er mjög gott að gera sér grein fyrir því hversu mikill er munurinn og þá sérstaklega af hverju þessi mismunur stafar í megin atriðum.

Fyrirtæki ár 2000	Hagnaður tilkynntur til hluthafa	Hagnaður tilkynntur till skattýfirvalda	Greiddur skattur á árinu 2000
Enron	\$618	-\$794	-\$278
Ford	\$9.443	\$1.710	\$599
GM	\$2.947	-\$299	-\$105
IBM	\$5.679	\$546	\$191
WorldCom	\$6.324	\$3.208	\$1.123

Tafla III - 1 Mismunur í ársreikning og skattskýrslu

Ofangrein tafla, *Mismunur í ársreikningi og skattskýrslu*, sýnir (í milljónum) samanburðartölur nokkurra fyrirtæki á Bandaríska hlutabréfamarkaðinum annarsvegar hagnað samkvæmt reikningsskilum og hinsvegar hagnað samkvæmt skattframtali. Mismunurinn getur verið mikill á þessum hagnaðartölum. Það skal tekið hér fram að þessar tölur hafa ekkert með reikningsskilasvik að gera, einungis til þess að sýna að það er mismunur á niðurstöðutölum í “reikningsskilum” og “skattskýrslu”. Það er nauðsynlegt að vera þess meðvitaður að reikningsskil hafa aðrar forsendur og tilgang en skattskil.

## IV. Umhverfi óefnislegra eigna

### Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Viðskiptavild er hvað þekktasta einstak óefnislega eignin. Byrjað var að reikna viðskiptavild um 1880 í Bandaríkjunum. Útreikningurinn var mjög einfaldur, mismunur á kaupverði og bókfærðri eign þess félags sem var keypt. Viðskiptavild hefur síðan verið mikið í umræðunni og nú síðast í röð uppkaupa á tölvu- og tæknifyrirtækjum víða um heima á síðasta áratug.

Í reikningsskilastaðli nr. 38 (IAS 38) kemur fram að óefnisleg eign skal vera aðgreinanleg ópeningaleg eign. Eignin er ekki í hlutkenndu formi. Viðkomandi fyrirtæki verður að nota þessa óefnilegu eign við framleiðslu vara sinna eða framboð á þjónustu sinni eða leigir öðrum eða í stjórnunartilgangi. Eign er verðmæti:

- a) *sem er undir yfirráðum fyrirtækis vegna atburða í fortíðinni, og*
- b) *sem vænst er að efnahagslegur framtíðarávinningur streymi frá til fyrirtækisins.”*

3. Í IAS 38 er gerð krafa um að fyrirtæki færi óefnislega eign (á kostnaðarverði) ef, og aðeins ef:

- a) líklegt er að efnahagslegur framtíðarávinningur, sem rekja má til eignarinnar, muni renna til fyrirtækisins, og
- b) unnt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

### Íslenskt umhverfi

Íslenska lagaumhverfið varðandi reikningsskil er meðal annars að finna í lögum nr. 144 frá 1994 um ársreikninga og reglugerð nr. 696 frá 1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í reglugerðinni frá 1996 kemur skýrt fram að rekstrarreikningurinn skal sýna glögga mynd af því hvernig hagnaður eða tap á reikningsárinu (11. gr.) hefur myndast og efnahagsreikningurinn skal einnig sýna glögga mynd af eignum, skuldum og eigin fé í lok reikningsárs (2. gr.) í samræmi við góða reikningsskilavenju.

“11. gr. (hluti af greininni)

Rekstrarreikningur skal saminn á kerfisbundinn hátt og skal hann sýna heildartekjur og heildargjöld þannig að hann gefi, með hliðsjón af rekstri félags, glögga mynd af því, hvernig hagnaður eða tap á reikningsárinu hefur myndast.”

“2. gr. (hluti af greininni)

Efnahagsreikningur skal saminn á kerfisbundinn hátt skv. 3. gr. sbr. 4. gr. þannig að hann gefi glögga mynd af eignum, skuldom og eigin fé félags í lok reikningsárs í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Víkja má frá ákvæðum 1. mgr. um framsetningu efnahagsreiknings ef notkun þeirra leiðir til þess að efnahagsreikningurinn gefi villandi eða óskýra mynd af efnahag félagsins.”

“ 13. gr. (hluti af greininni)

Ef framsetning rekstrarreiknings samkvæmt 12. gr. og 1. mgr. þessarar greinar nægir ekki til að glögg mynd fái af rekstri félags er heimilt að víkja frá framangreindum ákvæðum að því marki sem nauðsynlegt er. Ef heimild þessi er nýtt skal gera grein fyrir því í skýringum og rökstyðja frávikin.”

Það kemur einnig fram í reglugerðinni að það má víkja frá framsetningu samkvæmt lögum og reglugerð ef glögg mynd fái ekki að rekstri þess eða efnahag. Ef heimild þessi er nýtt skal gera grein fyrir því í skýringum og rökstyðja frávikin.

Í 9. gr. laga nr. 144 frá 1994 segir

“...Ársreikningar og samstæðureikningar skulu gerðir í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefa glögga mynd af rekstrarafkomu á reikningsárinu og efnahag í lok þess. Ef ákvæði laga eða góð reikningsskilavenja nægja ekki til að gefa glögga mynd af rekstrarafkomu og efnahag skal veita frekari upplýsingar í skýringum.”

Það er mitt mat að umhverfi reikningsskila á Íslandi séu í reit númer tvö, glögg mynd (a true and fair view) með efnahagslegar forsendur og einkennist það af engilsaxneskum áhrifum. Að halda reikningsskilunum “innan” reits nr. 2 getur verið vandasamt verk þar sem allt umhverfi, bæði viðskiptalegs- og fjármálalegs eðlis breytist mjög hratt. Þetta er eitt af þeim mörgu atriðum sem reikningsskilafræðin hafa þurft að takast á við undan farin ár. Skilningur á mikilvægi reikningsskila hefur vaxið mjög hratt, en því miður kemur það ekki af góðu, aðallega vegna reikningsskilasvika. Reikningsskil er ekki bara debet og kredit. Reikningsskil er fræðigrein.

Þegar fyrirtæki er selt í heilu lagi er verðið fyrir það oft hærra en fengist við sölu einstakra eigna.

Viðskiptavild er mismunur á kaupverði fyrirtækis og verðmæti eigna þess (allra efnislegra eigna að viðbættum skilgreindum óefnislegum eignum). Viðskiptavild verður aðeins bókfærð þegar fyrirtæki er keypt í heild sinni.

Ríkisskattstjóri úr Tíund eftir Jón Á Tryggvason, 1998

Hér kemur fram að viðskiptavild er hluta af stærri heild, þ.e. fyrirtækinu. Í Reglugerð nr. 969 frá 1996, 30. gr., er að finna reikningsskilaleg meðferð á viðskiptavild.

**30. gr.** Hafi félag greitt meira fyrir fjárfestingu sína í hlutdeildar- eða dótturfélagi en sem nemur hlutdeild í hreinni eign þess við kaup ber að heimfæra mismuninn á tilgreindar eignir ef það er unnt, ella telst hann viðskiptavild. Mismun þennan ber að endurmeta og afskrifa með sama hætti og þær eignir. Ef mismunurinn telst viðskiptavild skal hann endurmetinn og afskrifaður að fullu í samræmi við ákvæði 31. gr. laga um ársreikninga. Gjaldfærsla á framangreindum mismun skal færð sem áhrif hlutdeildar- eða dótturfélags í rekstrarreikningi. Hafi félag hins vegar greitt minna fyrir fjárfestingu sína í hlutdeildar- eða dótturfélagi en sem nemur hlutdeild í hreinni eign þess við kaup ber að heimfæra mismuninn á sama hátt og að framan greinir en með andstæðum formerkjum

Hér er talað um að ef fjárfest er í hlutdeildarfélagi eða dótturfélagi þá getur myndast viðskiptavild, hér getur reikningsskilaaðferð ráðið því hvort hún myndast og verður skráð í efnahagsreikning. Ef notuð er kaupverðaðferð þá myndast viðskiptavild ef kaupverð er ekki það sama og “markaðsverð” einstakra eigna þess félags sem er keypt. Ef hinsvegar er notuð samlegðaraðferðin (e. Pooling of interest method) þá myndast engin viðskiptavild eða yfirverð hvort sem kaupverðið er hið sama og “markaðsverð” einstakra eigna þess félags sem er keypt. Samlegðaraðferðin var bönnuð af Bandaríska Reikningsskilaráðinu (FASB) frá og með 1. júlí 2001, vegna þess að hægt var að “fela” hluta af kaupverðinu utan efnahagsreiknings hjá því félagi sem keypti. Þetta gerist með þeim hætti að bókfærtverð eigna þess félags sem var keypt var færast yfir í bókhald þess félags sem keypti en ekki kaupverðið.

Í lögum nr. 144 um ársreikninga frá 1994, sem nú eru til endurskoðunar, er að finna í 15. gr. hvaða forsendur þurfa að vera til staðar til þess að óefnisleg réttindi geti talist eignir í ársreikningi fyrirtækja.

**15. gr.** Óefnisleg réttindi skal aðeins telja til eignar ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Sama á við um rannsóknar- og þróunarkostnað. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

Í þessari grein er einnig tekið á öðrum óefnislegum eignum eða réttindum en viðskiptavild. Í 3. grein sömu reglugerðar er talið upp, meðal fastafjármuna, þá flokka er tilheyra óefnislegum réttindum sem skrá má í efnahagsreikning.

*Reglugerð nr. 969/1996 – hluti af 3. grein*

Óefnislegar eignir:

1. Rannsóknar- og þróunarkostnaður.
2. Sérleyfi, einkaleyfi og önnur leyfi, réttur til vörumerkja og sambærileg réttindi og eignir.
3. Annar stofnkostnaður.
4. Viðskiptavild.
5. Réttur til nýtingar auðlinda.
6. Fyrirframgreiðslur fyrir óefnislegar eignir.
7. Aðrar óefnislegar eignir.


Það sem snýr að rekstrarreikningi er að finna í 31. grein laga um ársreikninga nr. 144 frá 1994. Þar kveður á um þá meðferð sem óefnislegar eignir skulu sæta hvað varðar rekstrarreikninginn. Ef mismunurinn er ekki gjaldfærður strax, skal hann eignfærður og afskrifaður með kerfisbundinn hátt.

**31. gr.** Ef kostnaður vegna óefnislegra réttinda, rannsókna eða þróunar er ekki gjaldfærður strax skal afskrifa hann með kerfisbundnum hætti á tilteknu tímabili, þó ekki á lengri tíma en fimm árum. Afskriftatímamann má þó lengja fram yfir fimm ár enda sé hann ekki lengri en nýtingartími viðkomandi eignar. Gera skal grein fyrir ástæðum þessa í skýringum.

Í *Grundvelli reikningsskila* sem gefið er út af Reikningsskilaráði Íslands er ekki mikið fjallað um óefnislegar eignir. Í flokknum *Fjárhagsstaða* er stutt grein um flokkun eigna. Þar kemur skýrt fram að til þess að geta talist eign og þar með talin óefnisleg eign verður að felast hæfi í óefnislegu eigninni að geta aflað fyrirtækinu tekna í framtíðinni.

## V. Þróun óefnislegra eigna, 1995-2001

Gögnin sem notuð eru í rannsókn þessari eru fengin út gagnagrunni Lánstraustar hf. sem hefur að geyma alla ársreikninga þeirra hlutafélaga sem skráð eru á skipulegðan fjármagnsmarkað hvort sem um er að ræða “aðallista”, “vaxtarlista” eða “tilboðmarkaðinn”. Einungis er þau fyrirtæki með í þessari úttekt sem hafa sérgreint einhverjar óefnislegar eignir í efnahagsreikningi samkvæmt ársreikningi þess og hafa skráð hlutabréf. Það vandamál sem oftast kom fram var það að breyting á framsetning óefnislegra eigna hafi breyst á milli ára. Oftast var um að ræða flutning úr liðnum “aðrar óefnislegar eignir” yfir í sérskilgreingar eignir. Í flestum tilvikanna var upplýsingagjöfin betri eftir breytinguna þar sem óefnislegu eignirnar urðu “veruleg fjárhæð” í efnahagsreikninginum. Miðað er við stöðuna um þann 31. desember ár hvert. Þetta gerir það að verkum að eitt fyrirtæki getur komið fyrir öll árin á meðan annað fyrirtæki einungis einusinni. Óefnislegu eignirnar flokkast þannig: Viðskiptavild, rannsóknar- og þróunarkostnaður, langtímakostnaður, veiðiheimildir og annað.




Tafla V - 1 Óefnislegar eignir í árlök - árslokaverðlag

Alls eru 74 fyrirtæki sem eru í úrtakinu. Tímabilið sem rannsóknin nær til er 1995 til 2001 eða alls 7 ár. Óefnislegar eignir jukust um ca. 50,5 milljarða króna á þessu tímabili. 1995 voru óefnislegar eignir 2,4 milljarðar króna en í árslok 2001 var upphæðin 53 milljarðar krónar, aukning um ca. 7,7 milljarðar á ári á tímabilinu.

Eins og tafla nr. 1 sýnir þá er lítil sem engin hreyfing á milli árunna 1995 og 1996. Óefnislegar eignir tvöfaldast aftur á móti síðustu þrjú árin, 1999 -2001. Í árslok 1999 voru óefnislegar eignir ca. 25,4 milljarðar króna en í árslok 2001 var fjárhæðin 53 milljarður króna, eins og fyrr er gefið. Sem hlutfall af bókfærðum heildareignum þessara fyrirtækja sem hafa óefnislegar eignir skráðar í bækur sínar hefur þróunin verið sú að óefnislegar eignir hafa verðið að stækka hlutfallslega.

Eins og sést á töflu nr. 2 þá hefur þróunin verið sú að óefnislegar eignir hafa aukið hlutfall sitt úr ca 4,4% af bókfærðum fastafjármunum í árslok 1995 en í 10,7% í árslok 2001. Bókfærðir fastafjármunir þessara félaga voru rúmlega 511 milljarðar krónar. Þessi hlutfallslega aukning nemur ca. 240%. Á sama tíma, 1995 til 2001, næstum tíufölduðust fastafjármunir fyrirtækjanna en óefnislegar eignir rúmlega 22-földuðust.




Tafla V - 2 Hlutfall óefnislegara eigna – miðað við 31. desember ár hvert

Þessi þróun sýnir að óefnislegar eignir eru að verða þýðingarmeiri þáttur í reikningsskilum á íslenska hlutabréfamarkaðinum ef miðað er við fyrri ár. Öll efnismeðferð þessara eigna hefur mikil áhrif á rekstrarafkomu samkvæmt rekstrarreikningi.

### Veiðiheimildir

Veiðiheimildir er einn flokkur óefnislegra eigna sem ekki er að finna í öðrum atvinnugreinum en fiskiðnaði (ICEXFISH) í árslok 2001. Óefnislegar eignir vegna

veiðiheimilda námu í lok ársins 2001 tæplega 21,5 mdr., en var einungis rúmlega 1,0 mdr. í árslok 1995.




Tafla V - 3 Veiðiheimildir skráðar í efnahagsreikning, 1995-2001

Í þessum flokki óefnislegra eigna er hvað mest dreifing á fyrirtæki innan atvinnugeirans. Alls hafa 16 af 20 fyrirtækjum skráð veiðiheimild í ársreikning sinn. Í töflunni á eftir er eignfærðum veiðiheimildum skipt niður á 16 fyrirtæki innan fiskiðnaðarins miðað við árslok 31. desember 2001. Það fyrirtæki sem hefur eignfærða hæstu veiðiheimildina í ársreikning sinn er Þorbjörn Fiskanes hf. með um 4,0 mdr. Næst á eftir kemur Samherji hf. með ca. 3,5 mdr. Þessi tvö fyrirtæki hafa mest allra fyrirtækja skráða veiðiheimild. Á eftir Þorbjörn Fiskanes hf. og Samherja hf. koma þrjú fyrirtæki með um og yfir 2 mdr., en þau eru Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf., SR-mjöl hf. Útgerðarfélag Akureyringa hf. og Þormóður Rammi - Sæbjörg hf.

Ekki er leyfilegt að skrá þá veiðiheimild sem fyrirtækin hafa til ráðstöfunar á ári hverju í efnahagsreikning félaganna. Slíkt er bannað skv. 15.gr. Laga um ársreikninga. Óefnislegueignirnar verða að hafa verið keyptar, þeim sem er úthlutað fyrirtækinu að

kostnaðarlausu er ekki heimilt að skrá í efnahag þess. Um 50 mdr. eru skráð í efnahagsreikning sjávarútvegsfyrirtækjanna en það má áætla að heildarvirði á öllum fiskveiðiheimilum í árslok 2001 hafi verið á bilinu 250 til 400 milljarðar króna. Þannig sést að einungis hluti þessara óefnislegu eigna eru skráðar í efnahagsreikning, innan við 10% er skráð. Stærsti hlutinn er utan þess, eða um 90% af heildarverðmæti kvótans. Úthlutun á fiskveiðiheimild var byggð á fengnum afla þremur árum áður en kvóta kerfið var tekið í notkun. Engin afskrift er gerð í reikningsskil fyrirtækjanna, en virðisrýrnunarmat verður að framkvæma þegar þess er þörf, að lágmarki einu sinni á ári.



Tafla V - 4 Veiðiheimildir í árlok hvers árs – fyrirtækjaskipting.

Það kemur hér fram að næstum því helmingur af óefnislegum eignum er fram koma í ársreikninga fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands eru veiðiheimildir, eða ca 43%, þ.e.a.s. 21,5 mdkr. af ca 50 mdkr. í árslok 2001.

## VI. Tjónaskuld íslenskra tryggingarféлага, 1996 til 2003.

Vátryggingarskuld er sú heildarfjárhæð óuppgerðra skuldbindinga sem fyrir hendi er hjá tryggingarfyrirtækjum. Þessar skuldbindingar eru tilkomnar vegna tryggingaskuldbindinga við viðskiptavini. Vátryggingarskuldin skiptist í iðgjaldaskuld, tjónaskuld og útjöfnunarskuld og ef til vill aðrar skuldir. Stærst þessara skulda í efnahagsreikningi er tjónaskuldin. Tjónaskuld er heildarskuldbinding tryggingarfélagsins við tjónþola vegna tjóna sem hafa átt sér stað en eru ekki ennþá uppgerð. Þessi skuld hefur aukist jafn og þétt í efnahagsreikningi tryggingarfélaganna. Um er að ræða tjón sem hafa verið tilkynnt til tryggingarfélaganna og einnig tjón sem ekki hafa verið tilkynnt. Sá kostnaður sem reiknaður er á hverju ári og bætist við tjónaskuldina er frádráttarbær frá skatti. Þær fjárhæðir sem koma fram í töflunni hér á eftir eru vegna allra íslensku tryggingarfélaganna, þ.e. vegna skaðatryggingarféлага, líftryggingarféлага og endurtryggingarféлага. Öll gögn eru fengin frá Fjármálaeftirlitinu nema annað sé tekið fram. Útreikningar eru höfundar.

Ár	Staða efnahagsreiknings í árslok	Aukning frá fyrra ári
2003	53.665.896.431	2.414.167.448
2002	51.251.728.983	2.110.503.362
2001	49.141.225.621	3.937.320.034
2000	45.203.905.587	5.457.933.819
1999	39.745.971.768	2.428.838.472
1998	37.317.133.296	1.987.202.265
1997	35.329.931.031	1.530.959.181
1996	33.798.971.850	

Tafla VI - 1 Veðiheimildir í árlok hvers árs – fyrirtækjaskipting.

Eins og sést á þessi töflu hefur vátryggingarskuldin vaxið úr 33,8 mdr. í 56,7 mdr. á átta ára tímabili. Þetta er um 58,8% vöxtur á átta árum og að meðaltali er þetta um 7,4% á ári. Ef þessi þróun heldur áfram þá mun vátryggingarskuldin tvöfalda sig á um það bil tíu ára fresti. Mest breyting á milli ára var árið 2000 þegar lagðar voru í vátryggingarsjóðinn um það bil 5,5 mdr. Þessi fjárhæð er færð til gjalda sama ár.

1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
	24,0 ár	18,9 ár	16,6 ár	8,0 ár	12,6 ár	24,9 ár	24,2 ár

Tafla VI - 2 Veðiheimildir í árlok hvers árs – fyrirtækjaskipting.

Ef skoðað er hversu mörg ár váttryggingarskuldin dugar til þess að greiða þá gjaldfærslu sem gjaldfærð er árlega, þ.e. aukning á váttryggingarskuldinni frá ári til árs, þá sést að á árunum 2002 og 2003 dugar váttryggingarskuldin í rúm 24 ár. Í váttryggingarskuldinni er einnig iðgjaldaskuld sem eru iðgjöld sem innheimt eru fyrirfram og eru þess vegna skuldfærð í árslok. Samkvæmt tekjureglunni skal ekki tekjufæra þjónustu sem ekki hefur verið veitt. Að meðaltali veða iðgjöldin um 18% af heildar váttryggingarskuldinni. Stærsti hluturinn er tjónaskuldin, eða um það bil 74%. Mismunurinn á tjónaskuldinni á milli ára er gjaldfærður og skuldfærður vegna tjóna sem ekki eru uppgerð um hver áramót og vegna tjóna sem tilheyra viðkomandi ári og hafa ekki verið tilkynnt. Er það áætlað út frá reynslu fyrri ára.

Ár	Staða efnahagsreiknings í árslok	Aukning frá fyrra ári	Ára fjöldi sem tjónasjóður dugar
2003	38.964.772.583	1.529.015.754	25,5
2002	37.435.756.829	1.752.785.248	21,4
2001	35.682.971.581	2.391.608.426	14,9
2000	33.291.363.155	4.772.468.169	7,0
1999	28.518.894.986	1.930.906.364	14,8
1998	26.587.988.622	989.417.520	26,9
1997	25.598.571.102	965.255.855	26,5
1996	24.633.315.247		

Tafla VI - 3 Veðiheimildir í árslok hvers árs – fyrirtækjaskipting.

Taflan sýnir stöðu tjónaskuldar í efnahagsreikningi í lok hvers árs og þá viðbót sem gjaldfærð er á ári hverju. Ef það framlag sem gjaldfært var á árinu 2003 er sett í samhengi við þá skuld sem fyrir er, þá dugar tjónaskuldin í 25,5 ár. Þess skal getið að í ársreikningum tryggingarfélaganna kemur ekki fram hversu stór hluti af þeirri tjónaskuld, sem er til staðar í ársbyrjun sé greidd á árinu og hver sé heildar kostnaður á árinu vegna tjóna sem eru óuppgerð í árslok eða áætlað óinnkomið tjón. Þessar upplýsingar vantar.

Ár	Staða efnahagsreiknings í árslok	Eigin tjón skv. rekstrarreikningi	Ára fjöldi sem tjónasjóður dugar
2003	38.964.772.583	16.066.767.285	2,4252 ár
2002	37.435.756.829	15.787.820.682	2,3712 ár
2001	35.682.971.581	16.382.130.570	2,1782 ár
2000	33.291.363.155	17.190.204.456	1,9366 ár
1999	28.518.894.986	12.362.423.029	2,3069 ár
1998	26.587.988.622	8.970.958.795	2,9638 ár
1997	25.598.571.102	8.981.987.224	2,8500 ár
1996	24.633.315.247	9.619.827.147	2,5607 ár

Tafla VI - 4 Veðiheimildir í árslok hvers árs – fyrirtækjaskipting.

Þar sem ekki eru nægjanlegar upplýsingar um hreyfingar á váttryggingarskuldinni eða tjónaskuldinni er best að nota kennitölur til þess að skoða þess þróun. Tjónaskuldin er stærst skuldanna innan váttryggingarskuldarinnar, u.þ.b. 74%. Ef við skoðum eigið tjón tryggingarfélaganna þá námu þau um 16 mdr. á árinu 2003 og í árslok er tjónaskuldin næstum 40 mdr. Þessi tjónaskuld dugar fyrir öllum eigin tjónum félaganna í því næst 2,5 ár. Þetta hlutfall hefur farið hækkandi frá árinu 2000. Það komst hæst í 2,96 ár árið 1999. Eins og áður hefur komið fram var stærri hluti gjaldfærður á árinu 2000 en önnur ár. Ekki kemur fram í gögnum Fjármálaeftirlitsins af hverju þetta stafar.

Erfitt er að gera sér grein fyrir hversu há tjónaskuld er “eðlileg”. Til þess að athuga hvort raunveruleikinn er “eins og hann á að vera” er hann borinn saman við “hugsanlega” eða “fræðilega” útkomu. Ef gert er ráð fyrir að 80% tjóna á ári hverju séu gerð upp á viðkomandi ári og 20% séu gerð upp á næstu fimm árum þá mætti reikna út “eðlilega stöðu tjónaskuldar”. Með þann útgangspunkt er hægt að ræða um það hvort tjónaskuldin er of há eða lág. Vissar forsendur þarf að gefa sér þannig að fræðilega útkoman fáiast. Notast er við raunveruleg eigin tjón vegna áranna 1996 til 2003 og gert er ráð fyrir því að 20% tjónanna séu greidd og gerð upp á öðru ári en á tjónaárinu. Tjónin sem greidd og gerð upp á næstu 5 árum. Með þessar forsendur að leiðarljósi, sem að vísu eru allnokkur einföldun á starfsemi tryggingarfélaganna, en byggja samt á raunverulegum tjónatölum samkvæmt rekstrarreikningum þeirra, er möguleiki að ræða hvort tjónaskuldin er ofmetin eða ekki. Hlutfall er áætlað sem og endurgreiðslu- og uppgjörstími.

	Áætlað ógreidd tjónaskuld í árslok	Tjónaskuld frá 1996	Tjónaskuld frá 1997	Tjónaskuld frá 1998	Tjónaskuld frá 1999	Tjónaskuld frá 2000	Tjónaskuld frá 2001	Tjónaskuld frá 2002	Tjónaskuld frá 2003	Áætluð tjónaskuld við árslok 2003
1996	1.923.965.429									0
1997	1.796.397.445	384.793.086								0
1998	1.794.191.759	384.793.086	359.279.489							0
1999	2.472.484.606	384.793.086	359.279.489	358.838.352						494.496.921
2000	3.438.040.891	384.793.086	359.279.489	358.838.352	494.496.921					1.375.216.356
2001	3.276.426.114	384.793.086	359.279.489	358.838.352	494.496.921	687.608.178				1.965.855.668
2002	3.157.564.136	0	359.279.489	358.838.352	494.496.921	687.608.178	655.285.223			2.526.051.309
2003	3.213.353.457	0	0	358.838.352	494.496.921	687.608.178	655.285.223	631.512.827	0	3.213.353.457
Gjaldrætt árlega	21.072.423.838									
Greidd tjónaskuld	11.497.450.125	1.923.965.429	1.796.397.445	1.794.191.759	1.977.987.685	2.062.824.535	1.310.570.446	631.512.827	0	9.574.973.712

Tafla VI - 5 20% árlegra tjóna gert upp næstu fimm árin

Samkvæmt þessum útreikningum þarf tjónaskuldin að vera um 10 mdr. í árslok 2003, en samkvæmt ársreikningum er tjónaskuldin 38,9 mdr. Þessi fjárhæð er um það bil fjórum

sínum hætti en útreikningar gera ráð fyrir, eða 28,9 mdr. Ef forsendur útreikningsins endurspeglar raunveruleikann þá ætti að vera búið að greiða skatt til ríkissjóðs af mismuninum.

### **Komandi rannsóknir**

Tjónaskuldir í ársreikningum tryggingarfélaganna hafa áhrif á viðskiptavinum þeirra þar sem búið er að greiða iðgjöld fyrir u.þ.b. 39 mdr. sem enn hafa ekki komið til greiðslu. Áhugavert væri að skoða þróun tjónarskuldanna á hinum norræna markaði og athuga hvort samsvörun er þar á milli. Slík rannsókn væri að stofni til "case study" en áhersla væri á að ná fram niðurstöðum með samanburðaraðferðum.

## VII. Verðbréf

Verðbréf (e. bonds/security) hafa ekki farið varhluta af þeirri öru þróun sem átt hefur sér stað á fjármálamarkaði síðustu ár og áratugi. Fyrir um fimmtíu árum síðan voru ekki margar tegundir verðbréfa til, algengust voru verðbréf sem báru fasta vexti. Lánstíminn var mun styttri en hann er í dag. Aðrar tegundir verðbréfa voru mjög fátíðar. Í dag er fjöldi tegunda eða útfærslur á verðbréfum orðinn svo mikill að engin leið er að gera sér almennilega grein fyrir þeirri flóru. Þessi þróun hefur gert það að verkum að sanngirni (e. fairness) er orðin mjög mikilvægt hugtak í allri reikningsskilameðferð, sbr. IAS 32 Financial Instruments: Disclosure and Presentation og IAS 39 Financial Instruments: Recognition and Measurement. Þess má geta að þessir staðlar hafa verið í nokkur ár í vinnslu þar sem ekki tókst fullt samkomulag um innihald þess. Voru birtir rafrænt í fyrsta sinn í desember 2003. Skilgreining á “Financial Instruments” er “..as any contract that gives rise to both a financial asset of one entity and a financial liability or equity instrument of another entity.”

Á verðbréfamarkaði er notast við hugtakið *fjármálagerningar* (e. financial instruments), yfir allar þessar ólíku tegundir eða útfærslur á verðbréfum. Notast er við hugtakið *eigin fjárgerningar* (e. equity instruments) yfir ólíkar tegundir eða útfærslur á eignarhlutum (e. equity / stocks), t.d. vegna kaupréttarsamninga, en ekki verður fjallað um eignarhluti hér.

Til þess að geta haft stjórn á öllum þessum fjármála- og eigin fjárgerningum þá hafa komið til skjalanna afleiður (e. hedging). Notaðar eru mismunandi reikningsskilaaðferðir (e. hedge accounting) eftir því um hvers konar afleiður er að ræða, þ.e. afleiður vegna viðskipta eða vegna spákaupmennsku. Að lokum eru það leigusamningar (e. leases) hvers konar, þ.e. rekstrarleigusamningur, fjármögnunarleigusamningur og eignaleigusamningur. Þessir leigusamningar hafa valdið ýmsum vandkvæðum við reikningsskil vegna þess að vissar tegundir leigusamninga eru ekki skráðar í efnahagsreikning (e. off side balance sheet finance)

## Íslenskt lagaumhverfi

Þegar fjárfest er í verðbréfum og/eða eignarhlutum getur bæði verið um skammtíma- eða langtíma viðmið að ræða. Algengara er að verðbréf séu til skamms tíma og eignarhlutir séu til lengri tíma. Í *Reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga* nr. 696 frá 1996 er fjármálagerningum skipt í eftirtalda flokka:

- Eignarhlutar í tengdum fyrirtækjum,
- Eignarhlutar í hlutdeildarfyrirtækjum
- Aðrir eignarhlutar.
- Eigin hlutir sbr. 34 gr. laga nr. 144/1994 um ársreikninga,
- **Verðbréfaeign**
- Áunnar óinnheimtar tekjur af þessum eignum.

Í lögum um ársreikninga nr. 144 frá 1994 með síðari breytingum er skilgreint hvað eru skammtímaverðbréf og hvað eru langtímaverðbréf, samanber 13 gr. laganna “*Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast fastafjármunir. Eignir, sem eru ekki ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast veltufjármunir.*” Verðbréf skulu færð meðal veltufjármuna ef þeirra er aflað í þeim tilgangi að endurselja þau. Endursalan verður að eiga sér stað innan eins árs til þess að flokkast sem veltufjármunir. Hafi verðbréfunum hins vegar verið aflað til varanlegrar eignar eru viðkomandi verðbréf færð meðal áhættufjármuna og langtímakrafna.

## Flokkun verðbréfa

Matsatriði vegna skuldabréfa hvort sem þau teljast til veltufjármuna eða fastafjármuna eru bundin í lög, þ.e. Lög um ársreikninga nr. 144 frá 1994. Þessi lög voru síðast endurskoðuð í byrjun árs 2005 og var þá tekið tillit til reglugerðar Evrópusambandsins nr. 2002/1606/EB. Samkvæmt 22 gr. laga um ársreikninga nr. 144/1994, sem var í gildi fram til 1. janúar 2005, var aðalreglan sú að fastafjármuni skyldi ekki færa til eignar við herra verði en kostnaðarverði eða framreiknuðu kostnaðarverði. Hvað varðar veltufjármuni þá kemur fram í 26 gr. sömu laga að veltufjármuni skuli ekki færa til eignar við herra verði en kostnaðarverði eða raunvirði ef það er lægra. Í 29 gr. er að finna frávik frá aðalreglunni um verðbréf, en þar segir að **heimilt** sé að meta þau við síðasta skráða kaupgengi þrátt fyrir ákvæði 26 gr. Þetta á einungis við um þau verðbréf sem ekki eru ætluð til varanlegrar eignar og skráð eru á opinberri skráningu, t.d. í kauphöll eða annarri opinberri skráningu. Ef markaðsverð er lægra en kostnaðarverð er **heimilt** skv. 24 gr.

sömu laga að færa áhættufjármuni (og langtímakröfur) niður í verði. Einungis verður fjallað um verðbréf með gjalddaga.

	<b>Viðskiptaverðbréf (Trading security)</b>	<b>Önnur verðbréf (Available-for-sale)</b>	<b>Langtímaverðbréf (Held-to-maturity)</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>			
FASB	Kaupverð – með tilliti til affalla, færa skal kaupverð að markaðsverði	Kaupverð – með tilliti til affalla, færa skal kaupverð að markaðsverði	Kaupverð – með tilliti til affalla – kaupverð verður óbreytt
IFRS	Kaupverð – með tilliti til affalla, færa skal kaupverð að markaðsverði	Kaupverð – með tilliti til affalla, færa skal kaupverð að markaðsverði	Kaupverð – með tilliti til affalla – kaupverð verður óbreytt
Ísland – Lög nr. 144/1994	Kostnaðarverð gildir – heimilt að nota markaðsverð ef verðbréfið er á opinberum markaði	Engin sérstök ákvæði í lögum – athuga skal eignarhaldstímann	Kaupverð – með tilliti til affalla – kaupverð verður óbreytt
<b>Rekstrarreikningur</b>			
FASB	Afföll, vextir og matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.	Afföll og vextir eru færð í rekstrarreikning. Matsbreytingar eru færðar á eigið fé. Virðisrýmun skal strax færð í rekstrarreikning.	Afföll og vextir eru færð í rekstrarreikning. Matsbreytingar eru ekki færðar. Virðisrýmun skal strax færð í rekstrarreikning.
IFRS	Afföll, vextir og matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.	Afföll og vextir eru færð í rekstrarreikning. Matsbreytingar eru færðar á eigið fé. Virðisrýmun skal strax færð í rekstrarreikning	Afföll og vextir eru færð í rekstrarreikning. Matsbreytingar eru ekki færðar. Virðisrýmun skal strax færð í rekstrarreikning
Ísland – Lög nr. 144/1994	Afföll og vextir eru færð í rekstrarreikning Matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning ef notuð er heimild til að skrá verðbréfið á markaðsvirði.	Engin sérstök ákvæði í lögum – athuga skal eignarhaldstímann.	Afföll og vextir eru færð í rekstrarreikning. Matsbreytingar eru ekki færðar. Virðisrýmun skal strax færð í rekstrarreikning.
<b>Flutningur á milli flokka skv. IAS – alþjóðlegir reikningsskilastaðlar -</b>			
	<b>Viðskiptabréf</b>	<b>Önnur verðbréf</b>	<b>Langtímaverðbréf</b>
Í flokk; viðskiptabréf Úr flokki; önnur verðbréf og langtímabréf	Óinnleystur hagnaður eða óinnleyst tap er fært strax í rekstrarreikning. Matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.		
Úr flokki; viðskiptabréf Í flokk; önnur verðbréf og langtímabréf	Innleystur hagnaður eða innleyst tap sem þegar hefur verið tekju- og/eða gjaldfært er látið óhreyft.		
Í flokk; önnur verðbréf Úr flokki; langtímabréf		Óinnleystur hagnaður eða óinnleyst tap er fært á sérstakan reikning meðal eigin fjár.	
Úr flokki; önnur verðbréf Í flokk; langtímaverðbréf		Óinnleystur hagnaður og óinnleyst tap er fært meðal eigin fjár og tekju- eða gjaldfært með tilliti til eftirstandandi líftíma bréfs	

Tafla VII - 1 Yfirlit um meðferð á verðbréfum eftir flokkum..

Einn mjög mikilvægur þáttur í þessari flokkun er ákvörðun stjórnenda um það hver sé tilgangur með fjárfestingunni. Þessi ákvörðun (e. management intent) ræður því hvort matsbreytingar fara í gegnum rekstrarreikning eða ekki. Ef matsbreytingar fara ekki í gegnum rekstrarreikning fara þær á sérstakan reikning meðal eigin fjár og hafa þess vegna engin áhrif á hagnað eða tap tímabilsins. Þessi óinnleysti hagnaður eða óinnleysta tap er flutt yfir í rekstrarreikninginn þegar viðkomandi verðbréf er selt frá félaginu eða breyting verður á áður áætluðu notagildi þess. Þessi ákvörðun stjórnenda hefur þess vegna mjög mikil áhrif á niðurstöðutölu rekstrarreiknings. Án frekari útskýringa í ársreikningi er mjög erfitt fyrir lesendur að gera sér grein fyrir þessum þætti í rekstri fyrirtækisins.

1. Viðskiptaverðbréf (e. trading securities) Viðskiptaverðbréf teljast til veltufjármuna og gildir því 26. gr. um þau, en þar segir að þau skuli ekki færa til eignar við hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði ef það er lægra. Verðbréf sem ætluð er til sölu innan skamms tíma (t.d. innan 3ja mánaða) og skráð er á opinberu verðbréfaþingi er heimilt að meta við síðasta skráða kaupgengi þátt fyrir ákvæði 26 gr. Allar matsbreytingar, hvort heldur tekjur eða gjöld, eru færðar í rekstrarreikning, sbr. 29 gr. laga nr. 144/1994.
2. Verðbréf - bréf til sölu (e. available-for-sale securities) Hér þarf að liggja fyrir ákvörðun stjórnenda (e. management intent) að eiga verðbréfið lengur en eitt ár, en ekki út líftíma verðbréfsins. Vaxtatekjur og afföll eru færð jafnóðum í gegnum rekstrarreikning. Matsbreytingar fara ekki í gegnum rekstrarreikning, heldur eru þær færðar meðal eigin fjár sem óinnleystur geymsluhagnaður/tap. Þeir vextir og afföll sem falla til eru færð í rekstrarreikning.
3. Langtímaverðbréf eru skuldabréf sem koma til innheimtu (e. held-to-maturity securities) á gjalddaga. Ef útgefandinn hefur rétt á að greiða bréfið upp áður en að gjalddaga kemur verður að taka tillit til þess þegar bréfið er flokkað. Hér þarf að liggja fyrir ákvörðun stjórnenda um að eiga verðbréfið allan líftíma þess og mögulega fjárhagslega getu til að eiga það. Verðbréfið er fært á kostnaðarverði, á markaðsvirði við kaup, notuð er aðferðin um virka vexti við útreikninga. Öll afföll

vegna yfirverðs eða undirverðs eru færð í rekstrarreikning á líftíma bréfsins. Vextir eru færðir í gegnum rekstrarreikning þegar þeir falla til.

Verðbréfin eru alltaf metin á marksvirði þegar viðskipti eiga sér stað og er það óháð því hvaða tegund verðbréfa er um að ræða.

Flutningur á milli verðbréfaflokka er leyfilegur, en með vissum skilyrðum. Ekki er heimilt að flytja á milli flokka í þeim tilgangi að hafa áhrif á hagnað eða tap (e. earning management) rekstartímabilsins. Í flestum tilvikum er markaðsvirði notað til að flytja verðbréf á milli flokka. Athuga verður að þegar virðisrýrnun (e. impairment) á sér stað er sá kostnaður gjaldfærður strax í rekstrarreikningi. Með virðisrýrnun er átt við að efnahagslegt gildi verðbréfanna hafi rýrnað vegna ákveðinna aðstæðna, t.d. við gjaldþrot eða greiðslustöðvun greiðanda.